



Skútustaðahreppur.

Kynning á deiliskipulagstillögum.

Skipulags og byggingarfulltrúi mun verða með opið hús á skrifstofu Skútustaðahrepps Hlíðavegi 6, 660 Mývatn mánudaginn 14. júlí frá kl. 13:00-16:00 og mun þá kynna fyrir íbúum sveitarfélagsins og öðrum hagsmunaaðilum eftirfarandi skipulagstillögur skv. 4. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123:

Deiliskipulag íbúðabyggðar og athafnasvæðis í landi Garðs II í Mývatnssveit. Deiliskipulag vegna framkvæmda við nýja brú yfir Jökulsá á Fjöllum.

Allar nánari upplýsingar gefur skipulags- og byggingarfulltrúi Skútustaðahrepps.

Skipulagslýsing.

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps auglýsir hér með til kynningar skipulagslýsingu skv. 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 vegna breytinga á Aðalskipulagi Skútustaðahrepps 2011-2023:

Stefnt er að því að stækka og bæta ferðaþjónustu á Geiteyarströnd 1. Verður það gert með frekari uppbyggingu frístundahúsa og gistirýma auk bættrar starfsmannaaðstöðu.

Í drögum að deiliskipulagi kemur fram að innan landnotkunarreitsins verði skipulögð fjögur svæði. Á þeim verði leyfilegt að reisa: tólf gisti- og ferðaþjónustuhús, hvert að hámarki 50 m² eitt starfsmannahús, allt að 150 m² eitt gistiþjónustu-/íbúðarhús allt að 200 m² og tvö ný íbúðarhús ábúenda, allt að 200 m² hvort. Stækka þarf landnotkunarreit sem skilgreindur er sem 352-O/V í Aðalskipulagi Skútustaðahrepps og setja ákvæði um hámarks byggingarmagn á svæðinu. Mun stærð svæðis breytast úr 1,6 ha í 5,0 ha. Aðrir skilmálar munu ekki breytast.

Skipulagslýsingin munu liggja frammi á skrifstofu Skútustaðahrepps frá og með miðvikudeginum 9. júlí til og með miðvikudeginum 30. júlí 2014. Lýsingin verður einnig aðgengileg á sama tíma á heimasíðu Skútustaðahrepps:

<http://www//myv.is> undir **Skipulagsauglýsingar** (Hnappur á forsíðu). Þeim sem vilja gera athugasemdir við skipulagslýsinguna eða koma með ábendingar er gefinn kostur á, til og með 30. júlí n.k., að koma þeim á framfæri við skrifstofu Skútustaðahrepps, Hlíðavegi 6, 660 Mývatn og/eða í tölvupósti á netfangið: bjarni@thingeyjarsveit.is.

Allar nánari upplýsingar gefur undirritaður.

Skipulags- og byggingarfulltrúi Skútustaðahrepps

Mýflugan

Útgefandi og ábyrgðarmaður: Hrafnhildur Geirsdóttir

Sími: 464 4343, 866 0311

Netfang: myflugan@emax.is

24. tbl. 6. árg. miðvikudaginn 9. júlí 2014

Afmælisbörn dagana 10. júlí — 16. júlí 2014

10. Herdís Steingrimsdóttir.

13. Elísabet Gylfadóttir.

16. Birna Björnsdóttir.



Skrifstofa Skútustaðahrepps
verður lokuð eftir hádegi fimmtudaginn 10. júlí.

Sveitarstjóri.



Golfklúbbur Mývatnssveitar.

Vegna ófyrirséðra aðstæðna
varð að seinka meistaramóti GKM
sem átti að fara fram 8. og 9. júlí.

Ákveðið hefur verið að spila meistaramótið
í staðinn dagana 14. og 15. júlí.

Hvetjum klúbbfélaga GKM til að skrá sig til leiks í meistaramótið,
skráning er á golf.is eða hjá Guðjóni Vésteins í síma 848 6671.

Viljum einnig minna á Firmakeppnina sem er í gangi þessa dagana.

Mótanefnd GKM



Handverkskonur milli heiða og Goðafossmarkaður auglýsa.



Útimarkaður verður á Fosshóli
laugardaginn 12. júlí frá kl. 11:00 - 17:00.

Kl. 14:30.

Tískusýning - vörur af Goðafossmarkaði.

Ljúf tónlist, verðslanirnar opnar.

Handverksfólk að störfum, lummur í boði H.M.H.
Goðafossmarkaður mun bjóða upp á kaffi, drykk að eigin vali
eða heitt súkkulaði með rjóma og tertusneið á 1.100 kr.

Ís í brauði á 150 kr.

50% afsláttur af nammi úr nammibarnum eins og alla aðra laugardaga.

Enn er pláss fyrir söluborð - kostar 1.000 kr.

Sjáumst hress og kát

Handverkskonur milli heiða og Goðafossmarkaður.

Upplýsingar gefur Sigrún 8660429

Fornir fimmtudagar – Svalbarði.

Fimmtudaginn 17. júlí klukkan 17:30

tekur Sigtryggur Þorláksson á móti gestum í kirkjunni á Svalbarði.

Kirkjan sýnd og sagt frá sögu hennar. Að því búnu mun
fornleifafræðingar sem nú vinna að uppgrefti á staðnum gera grein
fyrir sínum störfum og fræða um fornleifar á svæðinu.

Nánari upplýsingar er að finna á vef Þingeyska
fornleifafélags, www.fornleifafelag.is

Hið Þingeyska fornleifafélag.

Sumartónleikar við Mývatn 2014

12. júlí - laugardagur kl. 21:00 Reykjahlíðarkirkja.

13. júlí - sunnudagur kl. 21:00 Skútustaðakirkja.

Blóðheitar ástríður Suður-Ameríku og Evrópu!

Flytjendur eru Hlín Péturdóttir Behrens, sópran,
Pamela de Sensi, flauta og Páll Eyjólfsson, gítar.

Þau flytja þekkt meistaraverk fyrir sópran, flautu og gítar frá Ítalíu,
Frakklandi, Puerto Rico, Brasilíu og Argentínu.

Einnig verður frumflutt verkið Gala eftir Steingrím Þórhallsson,
organista og tónskáld.

Verið velkomin að njóta glæsilegrar tónlistar
í hinum fögru kirkjum sveitarinnar.

Aðgangur ókeypis.

Listrænn stjórnandi: Margrét Bóasdóttir.

